

Vera samskiptaborð Notendur geta hafið samskipti við sjúklinga Saga 2017.2.4

Nú geta notendur Sögu hafið samskipti við skjólstæðinga sína að fyrra bragði. Kominn er nýr hnappur í sjúklingaborða fyrir aftan nafn skólstæðings sem er með umslagstáknmynd. Þessi aðgerð er einungis virk ef skjólstæðingur er með skráð farsímanúmer. Þegar notandi sendir skjólstæðingi sínum skilaboð þá birtast þau inni í Heilsuveru hjá honum og hann fær jafnframt sms skilaboð um að hann eigi ný skilaboð þar. Ef stilligildi **179** er óvirkt þá er þessi aðgerð ekki sýnileg í viðmóti Sögu.

Í stilligildi **1212** er skilgreindur textinn sem á að fara í skilaboðin sem skjólstæðingur fær þegar hann fær skilaboð frá starfsmanni. Hægt er að hafa mismunandi texta á mismunandi deildum.

Dæmi um texta sem gætu verið í þessu stilligildi:

„Það bíða þín ný skilaboð á Heilsuvera.is. Vinsamlegast skráðu þig inn á Heilsuvera.is með rafrænum skilríkjum eða hringdu í þína heilsugæslu í síma 555-5555 til að fá frekari upplýsingar.“

„Það bíða þín ný skilaboð á Heilsuvera.is. Vinsamlegast skráðu þig inn á Heilsuvera.is með rafrænum skilríkjum eða hringdu í þína heilsugæslu til að fá frekari upplýsingar.“

Ekki er hægt að senda skilaboð á skjólstæðinga sem eru með gervikennitölur.

Athugið að skjólstæðingur getur ekki svarað til baka nema að stofnun sé búin að láta virkja fyrirspurnarluta Veru hjá sér. En hafi stofnun virkjað fyrirspurnarlutann hjá sér og skjólstæðingur svarar starfsmanni til dæmis með „Takk fyrir“ þá birtist svar skjólstæðings í Forsíðu starfsmanns undir flípanum „Fyrirspurnir“. Starfsmaður getur svarað skjólstæðingi aftur eða hægrímellt á línu og valið: „Merkja svarað“ og við það hverfur fyrirspurnin úr listanum. Aðgerðin „Merkja svarað“ er einungis virk í Sögu 2017.3 þegar skilaboð frá skjólstæðingi berast frá heilsuveru.is eftir að starfsmaður hefur sent skilaboð með umslagi í sjúklingastíku.

Hér fyrir neðan eru skjámyndir sem sýna þessa virkni:



Þegar notandi smellir á umslagið þá birtist þessi gluggi:

Ný skilaboð til einstaklings (Jóna Jónsdóttir - kt. 0101705599)

Efni Blóðprufa

Skilaboð Komin er niðurstaða úr blóðprufu....

Þegar skjólstæðingur hefur svarað starfsmanni í gegnum vefinn heilsuvera.is þá birtist svarið í Forsíðu starfsmanns undir Fyrirspurnir. Starfsmaður getur svarað eða hægrismellt á línu og valið „Merkja svarað“ og við það hverfur fyrirspurnin af listanum.

Dagskrá Skilaboð Vinnulisti Lyfjaendurnýjun Fyrirspurnir Heimahjúkrun Rafræn skeyti

Leita ...

T...	Dagsetning	Titill	Kt. skjólst.	Skjólstæðingur	Heimilislæknir	Sent á deild	Starfsm
	02.10.2015 12:49	prufa 3000				NH172 B1-00 Heilsugæsla -...	
	08.09.2015 10:46	fyrirspur				NH172 B1-00 Heilsugæsla -...	
	07.01.2015 11:00	120.000 stafir				NH172 B1-00 Heilsugæsla -...	
	07.01.2015 10:59	60 þúsund stafir				NH172 B1-00 Heilsugæsla -...	
	07.01.2015 10:59	60 þúsund stafir				NH172 B1-00 Heilsugæsla -...	

Opna eyðublað
Merkja svarað

Erindi: fyrirspur

Síðasta koma: English inpatient ward - Aðstoð- mið. 8. jan. 2014 kl. 15:29

Starfsmenn: Prófari (6400); Smelltu til að bæta við starfsmanni

stuff (þri. 8. sep. 2015 kl. 10:46):

Smelltu til að skrifa skilaboð til einstaklings
Ctrl + Shift + T til að velja flýtitexta

Athugið að ekki er nóg að virkja stilligildið í Sögu heldur þarf Origo Heilbrigðislausnir að kveikja á þjónustum í Hekluinni til þess að þetta virki.

Með kveðju

Origo - Heilbrigðislausnir